

REGLUGERÐ**um stöðvun veiða í þorskfisknet.**

1. gr.

Frá og með 1. maí 1979, eru afturkölluð öll þorskfisknetaveiðileyfi frá yfirstandandi vetrarvertíð fyrir þá báta sem stundað hafa veiðar fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Eystrahorni, og að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Horni.

2. gr.

Frá og með 13. maí 1979 til og með 20. maí 1979, eru óheimilar allar veiðar í þorskfisknet. Veiðibann þetta gildir þó ekki fyrir báta, sem gerðir eru út á NA-landi, á svæðinu frá Raufarhöfn að Gerpi.

3. gr.

Yfirbyggðum loðnuskípum, sem loðnuveiðar hafa stundað á þessu ári, eru óheimilar veiðar í þorskanet frá 1. maí til 15. júlí 1979.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26 apríl 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 1 200.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 695.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 1 995.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 283 870.00